

1872.

31. oktr.

19. grein.

Brëfhirðingarmaður er ekki skyldur til að láta pósti gistingu, góðgjörðir eða heygjöf handa hestum hans í tæ, nema fyrir sanngjarna borgun.

Samkvæmt tilskipun um póstmál á Íslandi 26. febr. 1872. 17. gr. og umboði lögstjórnarinnar af 14. aug. þ. á.

Íslands stiptamt, Reykjavík, 31. oktr. 1872.

Hilmar Finsen.

100. Leiðarvísir fyrir póstafrageiðendur¹

(á Íslenzku eingöngu).

1. grein.

Póstmeistarinn í Reykjavík er næsti yfirboðari póstafrageiðslunnar, og hefir eptirlit með því, að hún uppfylli þær skyldur, sem á henni hvíla eptir auglýs. 3. maí 1872, og lætur hana vita af öllum þeim breytingum, sem verða kunna á póstgjaldaskránum, póstgöngunum o. s. frv., og gefur henni allar aðrar nauðsynlegar upplýsingar og vegleiðslu. Póstafrageiðandi er skyldur nær sem heimtað verður, að fram selja bækur sínar o. s. frv. póstmeistara til eptirlits.

Brëf póstafrageiðanda til yfirstjórnar póstmálanna skal senda í gegnum póstskrifstofuna í Reykjavík, er leiðbeinir þeim með skýringum sínum.

Verði póstafrageiðanda eitthvað á í póstafrageiðslunni til annara pósthúsa, skulu þau láta hann vita af því beinlínis.

Um ferðaleyfi fyrir póstafrageiðanda vísast til auglýsingar 3. maí 1872, 3. gr.

¹) Í augl. 3. maí f. á. er haft „póstafrageiðslumenn“.

2. grein.

1872.

31. oktbr.

Undir póstafræiðsluna á — — — — —
 lúta bræfirðingarstæiðrnir á — — — — —
 og hefir póstafræiðandi nauðsynlegt eptirlit með, hvernig bræfirðingarmenn leysa störf sín af hendi.

3. grein.

Póstafræiðandi skiptist bræfum, blöðum, peningum og bögglum á við póstskrifstofuna í Reykjavík, póstafræiðslurnar á sömu póstleið og bræfirðingarmenn í grendinni o: þá er liggja á milli tveggja póstafræiðslustaða, er næstir eru hvor öðrum.

Sendingum, er fara eiga á innanlands staði út fyrir póstleiðina, skal beint á þann póststað, sem liggur næst enda hennar.

Póstsendingum þeim, er fara skulu til Danmerkur og útlanda, skal beint til póstskrifstofunnar í Reykjavík, ellegar póstafræiðslunnar á Berufirði, ef ekki verður notuð sending með skipsferð, eins og ráðgjört er í tilsk. 26. febr. 1872, 6. gr.; en verði skipsferð notuð, skal sendingunum beint á það pósthús, sem skipið fer til.

Til þess að eptirlit verði haft með póstsendingunum og burðareyri þeim, er fyrir þær verður krafinn, skal færa póstlista milli póstafræiðslunnar og hlutaðeigandi póststaða á sömu póstleið.

Til sérhverrar póstafræiðslu, er á póstleiðinni liggur, skal semja sérstakan póstlista yfir sendingar þær, sem til þeirra verður beint, og til þeirra bræfirðingarstaða, sem skiptast póstsendingum á við hlutaðeigandi póstafræiðslu.

4. grein.

Til flutnings með pósti skal póstafræiðslan taka við:

- a. lausum bræfum til Íslands og Danmerkur, svo og til annara pósthúsa í Norðurálfunni, að því leyti burðargjalda-skrár fyrir slík bræf hafa verið tilkynntar póstafræiðslunni.

1872.

31. októbr.

- b. peningaupphæðum allt að 16 þd. þunga til Íslands og Danmerkur.
- c. bögglasendingum til sömu landa allt að 5 þd. þunga.
- d. öðrum sendingum til útlanda, en þeim sem innifaldar eru undir a., þegar þær skal senda óborgaðar.

Þó má póstafræiðsla meðtaka þær sendingar borgaðar, sem nefndar eru undir d., þegar hún getur sjálf metið burðargjaldið fyrir þær eða vill innistanda fyrir borgun þess burðargjalds, sem póstskrifstofan í Reykjavík heimtar með næsta pósti,

Með tilliti til ásigkomulags sendinganna, umbúða, áskriptar og innsiglingar, skal póstafræiðandi nákvæmlega gæta reglnanna í 13. gr. auglýsingar 3. maí 1872, þar á meðal reglnanna um, að hverju leyti böggla- og peningasendingar geta orðið fluttar með fyrsta pósti eptir að þær eru látnar á pósthúsið.

Hluti, sem bannað er að flytja með pósti (sbr. pósttilskipunina, 4. gr. og auglýsinguna, 12. gr.), má ekki póstafræiðsla taka til flutnings, en hafi það eigi að síður verið gjört, skal farið eptir auglýsingarinnar 12. gr.

Póstafræiðandi er eigi skyldur að halda vissan skrifstofutíma, en póstafræiðslan skal vera aðgengileg til að taka við og láta úti sendingar, þegar póstafræiðslumaður er viðstaddur, frá dagmálum til náttmála, og einkanlega nokkra stund áður pósti skal afgreiða.

5. grein.

Þegar burðareyri skal að fullu borga undir sendingarnar 4. gr. a. b. og c., skal á sendingarnar (hvað böggla snertir á tilvísunarbræfið) líma frimerki fyrir þetta verð:

1. á brèf:

- a. til annara pósthúsa í landinu, þegar þau vega allt að 3 kv. 4 sk.
þegar þau vega yfir 3 allt að 25 kv. 8 —
— — — — 25 — - 50 — 12 —
- b. til umdæmis póstafræiðslunnar sjálfrar (án þess að fara

1872.
31. oktbr.

fram hjá bréfhirðingarstað) helming þessara gjalda (sjá augl. 11. gr.);

c. til Danmerkur, gjöldin a. tvöföld;

d til annara póstumdæma í Norðurlálfunni, burðargjaldið litr.

c. samt auka-burðargjald, eptir því sem nákvæmar er auglýst um hvert póstumdæmi fyrir sig.

Þó má senda opnar sendingar með prentuðum blöðum og sýnishornum af varningi, þegar ekkert er annað á þær ritað en utanáskript, nafn þess er sendir, heimili hans og dagsetning, til annara póststöðva í Íslandi og Danmörku, þegar undir þær er borgaður helmingur áðurnefndra gjalda, þó eigi minna en resp. 4 og 8 sk.

Ef ritað er á sendingu „mælt með“, „á hendur falið“, eða „NB“, skal á hana líma 8 sk. frímerki meir en ella;

2. á peningabréf:

burðareyrir eptir vikt, eins og um er getið að ofan nr. 1 a, b og c, og enn fremur ábyrgðargjald fyrir hvað fyrir sig, 4, 2 og 12 sk. undir hverja 100 rd. eða minna af peningaverði því, er bréfinu fylgir;

3. á tilvísunarbréf með böggjum:

- | | | |
|---|--------|--|
| a. til annara póststöðva á Íslandi | 16 sk. | } fyrir hvert pd., er böggull vegur. |
| b. — umdæmis póstafgreiðslu sjálfrar | 8 — | |
| c. auk burðareyris litr. a 12 sk. aðalburðargjald, að viðbættum 4 sk. af hverju pundi, er böggull vegur fyrir sendingar milli Íslands og Danmerkur. | | |

Partur úr pundi reiknast sem fullt pund.

Sè verð tiltekið, skal þaraðauki greiða ábyrgðargjald það, sem um er getið í nr. 2.

Fyrir tilvísunarbréf með böggli skal ekkert borga, en eigi má það veða yfir 3 kv.

4. Þegar sá, er sendir, óskar kvittunar viðtakanda fyrir sendingunni, en það verður að vera ritað á sendinguna eður til-

1872. vísunarbréfið, skal fyrir hana greiða burðargjald, sem fyrir einfalt
31. oktbr. bréf.

5. Sè ekki rétt búið um peningabréf, og sá, er sendir, ekki óskar sjálfur að bæta úr því, borgar han 3 sk. í peningum, sem til falla póstafrgreiðslunni. Fyrir lakk til að forsígla sending skal líka borga póstafrgreiðslunni 3 sk. Fyrir hvern böggul, sem tilvísunarbréf ekki fylgir eða ekki er merktur eptir reglunum, borgar sá, er sendir 3 sk. fyrir hvert um sig, þegar hann ekki óskar sjálfur úr að bæta.

6. Sendingar með þjónustu-frímerkjum álitast sem óborgaðar, ef ekki er með farið nákvæmlega eptir auglýs. 3. maí 1872.

7. Þessar sendingar má ekki taka til flutnings nema borgaðar: kvittanir fyrir sendingum, ábyrgðarbréf, sendingar (bréf) til konungs eða ættar hans og til yfirvaldanna, þegar sá, er sendir, ekki hefir ritað á þær: „fyrirskipuð skýrsla“, „heimtað álit“, eða: „fyrirskipuð sending“, og nafn sitt undir.

8. Póstafrgreiðandi er skyldur til, þegar krafizt er af þeim er sendir, að telja peningasendingar eptir, eins og segir í póstitskip. 8. gr., og auglýs. 17. gr., og að gefa viðurkenning fyrir, móti þeirri borgun, sem þar er um getið. Á peningasendingar, sem þannig hafa verið taldar eptir, skal setja póstsígnat: á peningabréf og böggla 2, á peningapoka 1 póstsígnat.

Að öðru leyti skal póstafrgreiðandi í mati burðareyris undir póstsendingar og í annari meðhöndlun þeirra nákvæmlega fara eptir reglum tilsk. 26. febr. 1872 og auglýsingar 3. maí s. á.

6. grein.

Póstafrgreiðslan tekur að sèr að panta blöð þau og tíðindi, er út koma á Íslandi bæði fyrir hlutaðeigandi áskrifendur og fyrir þá bréfhirðingarstaði, er hún skiptist póstsendingum á við, kallar eptir borgun fyrir þau og biður um þau gegnum það pósthús, hvaðan þau fljótast má nálgast (pósthús útkomustaðar þeirra),

samt afhendir þau áskrifendum, eða beinir þeim á hlutaðeigandi bréfhirðingarstað.

Þegar póstafgreiðsla ekki með sama pósti til baka gjörir athugasemd um að í blöð vanti, álitast blöðin rétt send.

7. grein.

Öll ábyrgðarbréf, peningabréf, böggla og peningaböggla, er senda skal með pósti, skal póstafgreiðandi jafnskjótt og hann tekur við, færa inn í meðtökubók þá, er til þess verður handa honum löggilt.

Strax sem póstur er kominn og búið er að bera sendingarnar saman við póstlistann, skal safna bréfum og sendingum, eins þeim, sem frá nærliggjandi bréfhirðingarstöðum er beint til pósta-afgreiðslunnar, sem og þeim, er pósti kunna að hafa verið fengin á leiðinni, og inn færa, eptir að á þau hefir verið settur póststöðvarstimpill á útskriftarflötinn, og búið er tilhlýðilega að ónýta frimerkin á þeim með stimpli þeim, er þar til er ætlaður, á póstlistana, er sérstaklega skal gefa út til hvers póststöðva, og hvers bréfhirðingarstaðar, sem póstur á leið sinni kemur á, og pósta-afgreiðslan skiptist póstsendingum á við, eptir að á póstlistana er ritað nafn fráferðar- og tilkomu staðarins og burtfarar- dagur póstsins, samkvæmt þeirri vísbendingu, er yfirskrípt póstlistans gefur, og eptir þessum nákvæmari reglum:

- a. fyrst er færð tala þeirra bréfa, sem fara til hlutaðeigandi pósta-afgreiðslu, og þeirra bréfhirðingarstaða, er í sambandi við hana standa, í einu, og í dálkinn „burðareyrir“ allt það burðargjald, sem á þeim hvílir;
- b. peninga- og bögglasendingar skal tilfæra hvað fyrir sig með nafni og heimili meðtökumanns, merki og verði;
- c. ábyrgðarbréf skulu einnig rituð hvert fyrir sig með nafni og heimili meðtökumanns;
- d. á póstlistann til enda-póststöðva póstleiðarinnar skulu loks rituð þau bréf, er lengra eiga að fara (fram yfir ákvörðun póstlistans) án burðargjaldsákvörðunar, laus bréf með tölu þeirra í einu, ábyrgðarbréf, peninga- og bögglasendingar með nafni og heimili meðtökumanns.

1872.

31. oktbr.

Kvittanir, blaðapantanir og þess konar frá póstafgreiðslunni samt póstvísendingar skal rita á sama hátt.

Þegar allt er fært á póstlista, skal leggja saman burðargjald, binda brëfin (laus brëf, peningabrëf og tilvísunarbrëf) saman í knippi í sömu röð, sem þau eru færð á póstlistann, og skal á hverjum póstlista tilgreina hve mörg knippi honum fylgi. Þar næst undirskrifar póstafgreiðandi póstlistann og bindur brëfaknippin saman með reglulegu seglgarni.

Brëfaknippin skal láta í poka merktan með nafni fráferðar- og tilkomustadarins. Poka þessa skal senda, þó ekkert brëfknippi sé í að láta. Pokana skal því næst láta í póstskrínurnar, og hefir hver póstafgreiðsla lykil að þeim.

Póstlista skal ávallt með senda til hvernar póstafgreiðslu, hvort sem sendingar eru til hennar að flytja eða ekki.

Böggla- og peningasendingar skal, eptir að þær, sem áður segir, eru færðar á póstlistann, leggja niður vottfast í póstskrínurnar, eður að minnsta kosti í viðurvist póstsins, og bera áður saman við póstlistann.

Þá er póstskrinum lokað og þær ásamt viðkomandi pósttöskum afhentar pósti, og skal á tímaseðil hans rita komu- og fararstund. Póstafgreiðandi annast, að póstur dveli eigi lengur en nauðsyn krefur.

Á þau brëf, eins tilvísunarbrëf, sem fara skulu óborguð, eða eigi eru fullborguð, svo og á sendingar, er lengra eiga að fara (litr. d) skal póstafgreiðandi, áður þau sé færð á póstlistann, rita með rauðkrít burðargjaldið ofaní utanáskriptina, í skildingum.

Á brëf, sem fylgja peningasendingum, er taldar hafa verið á pósthúsinu, skal ritað á eitthvert horn greinilegt: „talið“. Á efra vinstra horn útskriftarflatar á ábyrgðar brëfum skal rita það nr., sem brëfið hefir fengið í meðtökubókinni og með rauðkrít „NB“.

8. grein.

Jafnskjótt og póstur er kominn og meðtekinn skal hann opna vottfast eða í viðurvist póstsins. Fyrst skal töskurnar opna og

bera innihald þeirra saman við póstlistana frá hlutaðeigandi bréf-
hirdingarstöðum og síðan annaðhvort afhenda þau eða senda áfram,
eptir að hver sending hefir verið nákvæmlega metin.

Þá eru og póstskrínurnar opnaðar, sömuleiðis vottfast, eður
í viðurvist póstsins, og bréf þau eður aðrar sendingar, sem fara
eiga til póstafrgreiðslunnar eða þeirra bréfhirdingarstaða, sem hún
stendur í sambandi við, upp tekin og nákvæmlega saman borin
við hlutaðeigandi póstlista. Þá skal rannsaka, hvort hvert einstakt
bréf eða böggulsending er rétt meðhöndluð, metin og færð á
póstlista, sömuleiðis hvort burðargjald er rétt fært og samanlagt.
Sérhverja ónákvæmni, sem við verður vart, við þær komnu send-
ingar eða póstlistann, skal strax athuga á hlutaðeigandi póstlista,
og gjöra því pósthúsi, sem póstlistann hefir samið, vísbendingu
um með pósti til baka. Til þvílíkra vísbendinga skal hafa prent-
uð eyðublöð.

Sè einhver komin sending órétt metin, skal réttan burðar-
eyri krefja af viðtakanda og gjöra vísbending um til baka. Sè
frímerki á hinum komnu sendingum, en eigi nægileg að verði
eptir burðargjaldaskránni, án þess þau sè sett til burðargjalds
eða á þau ritað: „ónóg borgað“, skal það pósthús, er sendi,
svara til burðargjalds eptir vísbending, sem hær um verður að
gefa til baka, og skal þær hjá þann burðareyri, er svara skal, til
færa á hlutaðeiganda póstlista.

Þegar búid er að bera sendingarnar saman við póstlistann,
skal setja póststöðvastimpilinn á hann að neðan, og á bréf, pen-
ningabréf og tilvísunarbréf á signetsflötinn.

9. grein.

Öll bréf, blöð og peninga- og bögglasendingar allt að 150
rd. virði, sem fara eiga til bréfhirdingarstaða þeirra, er í sam-
bandi standa við póstafrgreiðsluna, skulu látin niður, eptir að með
þau hefir verið farið samkvæmt 8. gr. í þá póttösku, sem þeim
er ætluð, í viðurvist póstsins, og hvað þær peningasendingar
snertir, sem eru yfir 150 rd., eður þær, sem það er berlega
heimtað fyrir af þeim er sendir, sendist bréfhirdingarmanni til-

1872.

31. oktbr.

visunarbréfið eða vísbending, sem meðtakandi þá kvittar á, er hann tekur við sendingunni.

10. grein.

Póstafgreiðandi er ekki skyldur til að láta bera komin bréf út meðal viðtakenda, heldur verður að láta viðtakendum kost á að fá sendingarnar afhentar hjá póstafræðslunni, enda þótt póstafræðandi sé eigi sjálfur við staddur, af þeim er í fjarvist hans frá heimilinu hefir þetta á hendi.

Ábyrgðarbréf, peningabréf og böggla má að eins afhenda gegn tilhlýðilegri kvittun. Í því skyni skal þau inn færa í kvittunarbókina, og í hana kvitta fyrir afhendingunni, eða geyma sem fylgiskjöl með henni þær lausu kvittanir, sem kunna að verða gefnar. Póstafgreiðandi ábyrgist, að undirskript kvittana sé rétt.

11. grein.

Nú finnst einhver sending vanta eða vera mjög skemmd, þegar póstur kemur og póstlisti er borinn saman við sendingar, og skal þá gefa pósthúsi því, er sendi, vísbending til baka, og skýra pósthúsinu í Reykjavík frá því, jafnframt og meðtakanda skal gefin vitneskja um það um sama leyti.

Fari sendingar í óréttu átt, skal þær sem fyrst senda gjaldfrítt í rétta stefnu, eða þegar viðtökustaður er ókunnur fara með sem sendingar, er eigi verður komið til skila.

12. grein.

Þær póstsendingar, er póstafræðandi eigi getur komið til skila (augl. 3. maí 1872, 21. gr.), skal hann hið fyrsta endursenda því pósthúsi, hvaðan þær eru sendar. Á signetsflöt sendingar eða tilvisunarbréfs skal hann rita ástæðuna, því hún hafi eigi til skila komizt. Þegar slíkar sendingar koma aptur til póstafræðslunnar, skal þær afhenda þeim, er sendi, mót burðargjaldi því, er á þeim kann að hvíla. Finnist eigi sá, er sendi, eður skorist hann undan að innleysa sendingu, skal slíkum sendingum beint gegnum póstskrifstofuna í Reykjavík til landshöfð-

ingjans yfir Íslandi, til meðferðar eptir ofan nefndri 21. gr. auglýsingarinnar, og skal þá listi fylgja þeim, hvar á þær sè allar ritaðar. 1872.
31. oktbr.

13. grein.

Póstafgreiðandi ábyrgist allar póstsendingar, sem honum verður trúað fyrir. Þær skulu geymdar á óhultum stað, og mega ekki liggja fyrir sjónum óviðkomandi manna, eins og það er eigi heldur leyfilegt, að viðtakandi sjálfur leiti upp sendingar til sín. Það er bannað pósafræiðanda, að gefa nokkrum óviðkomandi manni vitneskju um til hvers eða frá hverjum póstsendingar koma eða fara gegnum póstafræiðsluna, nema þetta sè nauðsynlegt til að koma þeim til skila.

Lyklar þeir, stimplar, signet, eyðublöð og önnur áhöld, sem póstafræiðanda eru fengin, mega eigi koma í hendur óviðkomandi mönnum.

14. grein.

Póstafgreiðandi verður að annast, að hafa ávallt byrgðir af póst-frímerkjum, bæði til að selja út frá póstafræiðslunni sjálfri og til byrgða fyrir bréfhirðingarstaði þá, sem undir hana eru lagðir.

15. grein.

Með hverjum pósti til Reykjavíkur sendir póstafræiðandi reikningságrip yfir tekjur og gjöld póstafræiðslunnar, og þar með peningaleyfar, sem hjá honum kunna að vera. Sem fylgiskjöl leggur hann með því alla þá póstlista, er hann hefir meðtekið og meðhöndlað, síðan hann sendi reikning seinast og tilgreinir tölu þeirra í reikningságripinu.

Komi það fyrir sem undantekning, að póstafræiðandi þurfi að borga fè (t. d. til aðgjörðar póstáhöldum eður þess konar), skal reikning yfir slíkt senda gegnum póstskrifstofuna í Reykjavík til landshöfðingja, til að öðlast gjaldskipun hans.

1872.

31. oktbr.

16. grein.

Frá póstskrifstofunni í Reykjavík fær póstafgreiðandi send þessi áhöld.

- a. póstskrínur,
- b. pósttöskur,
- c. bræfadó, s,
- d. brjósttösku með skildi,
- e. 1 metavíkt með 2 galvaníseruðum 5 punda lóðum, 2 tveggja punda og 1 pundslóði,
- f. 1 metaskálar með látúns keðjum og lóðastokk,
- g. 1 póstsígnat,
- h. 1 póststöðva-stimpil með 14 lausum merkjum til að setja inn í hann,
- i. 1 ónýtingar-stimpil (til að ónýta frímerki),
- k. 1 stimpil áhöld-öll,
- l. 1 dall með stimpil-sortu,
- m. 1 meðtökubók,
- n. 1 kvittunarbók,
- o. poka til afnota í töskum og skrínum,
- p. 1 þjásturdós til að geyma í frímerki,
- q. 1 exemplar af tilsk. 26. febr. 1872 með tilheyrandi auglýsingu 3. maí s. á., samt af auglýsingu 26. sept. s. á. Þessar reglugjörðir skulu liggja til skoðunar almenningi, og er þar hjá gjört ráð fyrir, að póstafgreiðandi kynni sér efni þeirra sér til ítarlegri leiðarvísis ;
- r. exemplör af auglýsingu 3. maí þ. á., til sölu samkvæmt sömu auglýsingar 9. gr.
- s. eyðublöð til póstlista,
- t. ——— — póstvísendinga (til baka),
- u. ——— — reikningságripa,
- v. ——— — viðurkenninga fyrir póstsendingum.

Þegar nefnd eyðublöð m. m. þrýtur, pantar póstafgreiðandi þau gegnum póstskrifstofuna í Reykjavík.

Ofangreind áhöld ábyrgist póstafgreiðandi póstmálefnum.

17. grein.

1872.

Komist póstafgreiðandi að því, að póstur hafi meðferðis bréf, peninga eða böggla, sem ekki eru rituð á póstlista, er hann skyldur að skýra póstskrifstofunni í Reykjavík frá því. Skyldi, mót von, hann sjálfur eða fólk hans nota póstinn ólöglega, varðar það sektum sem póststjórnin ákveður, og, ef til vill, afsetningu.

31. oktbr.

18. grein.

Póstafgreiðandi er ekki skyldur til að veita pósti gistingu, góðgjördir eða heygjöf handa hesti hans, nema móti sanngjarni borgun.

Samkvæmt tilskipun um póstmál á Íslandi 26. febr. 1872
17. gr. og umboði lögstjórnarinnar af 14. ág. þ. á.

Íslands stiptamt, Reykjavík, 31. oktbr. 1872.

Hilmar Finsen.

101. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna í Íslandi um styrk til þess að byggja upp hús á prestssetri.

2. nóvbr.

Í bréfi, dagsettu 15. ágúst. þ. á., hafð þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, eptir beiðni Guðmundar prests Bjarnasonar að Melum í Borgarfjarðarsýslu, farið þess á leit, að honum verði veittur 200 rd. styrkur af opinberu fê, til þess að byggja upp aptur húsin á staðnum, sem brunnu í marzmánuði sem leið.

Eptir að vèr höfum skrifazt á við dómsmálastjórnina um þetta, verður yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það og gjörið ráðstafanir þær, sem með þarf, að vèr veitum tæðum prestu 200 rd. styrk til þessa af fê því, sem á áætluninni um tækjur og útgjöld Íslands á yfirstandandi reikn-